

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS 2000/84/EB

2002/EES/16/10

frá 19. janúar 2001

um ákvæði varðandi sumartíma(*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,
með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽²⁾,
í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með áttundu tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/44/EB frá 22. júlí 1997 um ákvæði varðandi sumartíma⁽⁴⁾ var tekin upp sameiginleg dag- og tímasetning í öllu bandalaginu, sem markaði upphaf og lok sumartímans árin 1998, 1999, 2000 og 2001.
- 2) Þar sem aðildarríkin beita ákvæðum um sumartíma er mikilvægt, með tilliti til starfsemi innri markaðarins, að tekin verði upp sameiginleg dag- og tímasetning til að marka upphaf og lok sumartímans fyrir allt bandalagið.
- 3) Þar eð aðildarríkin líta svo á að rétt sé að miða við að sumartími hefjist í lok mars en ljúki í lok október er við hæfi að miða áfram við það tímabil.
- 4) Eðlileg starfsemi á vissum sviðum atvinnulífsins, ekki einvörðungu á sviði flutninga og samskipta heldur einnig á öðrum sviðum, krefst stöðugra langtímaáætlana. Því ber að setja ákvæði varðandi sumartíma um óákveðinn tíma. Samkvæmt 4. gr. tilskipunar 97/44/EB skulu Evrópuþingið og ráðið samþykka fyrir 1. janúar 2001 það fyrirkomulag sem á að gilda frá og með árinu 2002.
- 5) Til glöggvunar og til að gæta nákvæmni skal gefa út tímaáætlun á fimm ára fresti um framkvæmd sumartíma til næstu fimm ára.
- 6) Ennfremur ber að fylgjast með framkvæmd þessarar tilskipunar á grundvelli skýrslu sem framkvæmdastjórnin leggur fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um áhrif þessara ákvæða á öllum viðkomandi sviðum. Skýrslan skal byggð á þeim upplýsingum sem aðildarríkin láta framkvæmdastjórninni í té í tæka tíð til að unnt sé að leggja skýrsluna fram á tilsettum tíma.

7) Þar sem aðildarríkin ná ekki að samræma fullkomlega tímaáætlunina fyrir sumartíma, í því skyni að auðvelda samgöngur og samskipti, og talið er að samræming takist betur á vettvangi bandalagsins, er bandalaginu heimilt að gera ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans. Þessi tilskipun gengur ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná fram þessum markmiðum.

8) Af landfræðilegum ástæðum skulu sameiginleg ákvæði um sumartíma ekki gilda um umdæmi aðildarríkjanna handan hafnsins.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun merkir „sumartími“ þann tíma ársins þegar klukkunn er flýtt um 60 mínútur miðað við annan tíma ársins.

2. gr.

Frá og með árinu 2002 skal sumartími í hverju aðildarríki hefjast kl. 1.00 að heimstíma (GMT) síðasta sunnudag í mars.

3. gr.

Frá og með árinu 2002 skal sumartíma í hverju aðildarríki ljúka kl. 1.00 að heimstíma (GMT) síðasta sunnudag í október.

4. gr.

Framkvæmdastjórnin skal birta orðsendingu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*⁽⁵⁾, með tímaáætlun þar sem fram koma upphafs- og lokadagsetningar sumartíma, fyrir næstu fimm ár, fyrst við birtingu þessarar tilskipunar og síðan á fimm ára fresti upp frá því.

5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2007, gefa Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni skýrslu um áhrifin sem ákvæði þessarar tilskipunar hafa á viðkomandi sviðum.

Skýrslan skal gerð á grundvelli þeirra upplýsinga sem hvert aðildarríki lætur framkvæmdastjórninni í té í síðasta lagi 30. apríl 2007.

Framkvæmdastjórnin skal, ef nauðsyn krefur og í samræmi við niðurstöður skýrslunnar, gera viðeigandi tillögur.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtíð. EB L 31, 2.2.2001, bls. 21, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2001 frá 13. júlí 2001 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 47, 20.9.2001, bls. 9.

⁽¹⁾ Stjtíð. EB C 337, 28.11.2000, bls. 136.

⁽²⁾ Álit var skilað 29. nóvember 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 12. desember 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 20. desember 2000.

⁽⁴⁾ Stjtíð. EB L 206, 1.8.1997, bls. 62.

⁽⁵⁾ Stjtíð. EB C 35, 2.2.2001.

6. gr.

Þessi tilskipun gildir ekki um umdæmi aðildarríkjanna handan hafsins.

7. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmda-stjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

8. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. janúar 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

B. RINGHOLM

forseti.